



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Fjallabyggð  
Íris Stefánsdóttir, tæknifulltrúi  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

Reykjavík 8. apríl 2019  
Tilv.: MMR18050191/12.13.0-

Efni: Staðfesting ráðherra á að Þormóðseyri á Siglufirði verði verndarsvæði í byggð

Með vísan til erindis yðar, dags. 23. maí 2018, hefur mennta- og menningarmálaráðherra fallist á tillögu Fjallabyggðar um að Þormóðseyri á Siglufirði, sem afmarkast af Norðurgötu til austurs, Eyrargötu til norðurs, Grundargötu til vesturs og Aðalgötu til suðurs, verði gert að verndarsvæði í byggð með vísan til ákvæða laga nr. 87/2015. Staðfestingarskjalið var undirritað 25. febrúar 2019.

Meðfylgjandi er staðfestingarskjal á ákvörðun ráðherra um að Þormóðseyri verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins. Einnig er meðfylgjandi umsögn Minjastofnunar Íslands um tillöguna þar sem lagt er til að ráðherra samþykki tillöguna.


Ráðuneytið mun birta ákvörðun ráðherra í Stjórnartíðindum með auglýsingu, sbr. 5. mgr. 4. gr. laganna.

Fyrir hönd ráðherra

  
Karitas H. Gunnarsdóttir

  
Óskar Þór Ármannsson

Fylgiskj.: Staðfsetingarskjal ráðherra  
Ljósrit: Minjastofnun Íslands





## MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### *Ráðherra gjörir kunnugt*

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu sveitarfélagsins Fjallabyggðar að Þormóðseyri á Siglufirði sem afmarkast af Norðurgötu til austurs, Eyrargötu til norðurs, Grundargötu til vestur og Aðalgötu til suðurs verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins skv. ákvæðum laganna.

Reykjavík, 25. febrúar 2019

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Dögg Alfreðsdóttir'.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir